

3. Vangreiðsla að hluta skv. þessari grein veldur því, að skattar gjaldandans á gjaldárinu falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Sé skattur hækkaður svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumannni fyrir 1. ágúst eða 1. dag næsta mánaðar eftir álagningu fari hún seinna fram telst sú skattþækkun í gjalddaga fallin 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina, og skal hún tilkynnt í ábyrgðarpósti.

Taka má skatt lögtaki ásamt dráttarvöxtum hjá gjaldanda sjálfum eða öðrum þeim, sem bera ábyrgð á greiðslu hans, sbr. 102.—108. gr. og 1. mgr. 109. gr.

Kæra frestar ekki greiðsluskyldu né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu skatts, en ef skattur er lækkaður eða felldur niður, skal endurgreiðsla þegar fara fram, sbr. 98. gr. Dráttarvexti má einnig endurgreiða.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimildum í 46. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1973 og 55. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 21. gr. laga nr. 7/1972, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 12. janúar 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 10.

14. janúar 1976.

AUGLÝSING

um breytingar á skattvísitölu samkv. 26. gr. laga nr. 8/1972 sbr.
lög nr. 11/1975, um tekjustofna sveitarfélaga.

Fjárhæðir til frádráttar á útsvari samkvæmt 26. gr. laga nr. 8/1972 sbr. lög nr. 11/1975 breytast í samræmi við skattvísitölu og verða á árinu 1976 eftirfarandi:

1. Í stað fjárhæða í 1. málslið 1. mgr. 26. gr. laganna „10 500 kr.“ og „7 500 kr.“ komi: 13 125 kr. og 9 375 kr.
2. Í stað fjárhæðar „1 500 kr.“ í 3. málslið 1. mgr. 26. gr. laganna komi: 1 875 kr.
3. Í stað fjárhæðar „3 000 kr.“ í 4. málslið 1. mgr. 26. gr. laganna komi: 3 750 kr.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 11.

14. janúar 1976.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um Byggingarsjóð verkamanna og verkamannabústaði
nr. 272 9. desember 1970, sbr. reglugerð nr. 365 27. desember 1973.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

Í stað „1. nóvember“ komi: 1. október.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. breytist þannig:

Í stað „1. nóvember“ komi: 1. október.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt IV. kafla laga nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

19. janúar 1976.

Nr. 12.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. janúar 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. janúar 1976:

Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Cif.
1. 10 × 4 × 1 lb. blokkfryst	308.20
2. 24 × 1 lb. blokkfryst	321.30
3. 24 × 450 gr sérfryst	321.30
4. 6 × 2 kg, 5 × 2 kg og 4 × 2 kg sérfryst	321.30
5. 4 × 2.5 kg sérfryst	321.30
6. 2 × 5 kg sérfryst	321.30
7. 4 × 7 kg sérfryst	321.30
8. 1 × 25 lbs. sérfryst	321.30
9. 15 × 200 gr sérfryst	326.70
10. í saltlegi	308.20

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 63.3% af verðbreytingu frá grundvallarverði.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. janúar 1976.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.